

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Rekstur deilda Mosfellsbæjar janúar til september 2024

Dags: 13. nóvember 2024

Málsnúmer: 202411130/2.21

Sendandi: Anna María Axelsdóttir, staðgengill sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Inngangur:

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Við gerð rekstraryfirlitsins er lagt til grundvallar að viðauki 3 við fjárhagsáætlun sem liggur fyrir fundi bæjarráðs verði samþykktur.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B-hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Í ársfjórðungsyfirliti er ekki tekið tillit til samrekinna byggðasamlaga. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins auk þess sem fjárhagsupplýsingar annars ársfjórðungs ársins 2024 eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald.

Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A- og B-hluta fyrstu níu mánuði ársins 2024.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 18.704 m.kr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur af útsvari, fasteignaskatti og aðrar tekjur eru jafnframt í samræmi við fjárhagsáætlun og útkomuspá. Tekjur vegna framlaga Jöfnunarsjóðs eru um 1% lægri en áætlað var, sem skýrist af lækkun framlaga vegna fatlaðs fólks.

Launakostnaður var 7.761 m.kr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun og útkomuspá ársins. Annar rekstrarkostnaður var 8.620 m.kr. sem er aðeins lægra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Afskriftir voru 442 m.kr. sem er meira en áætlað sem skýrist af fjárfestingum síðasta árs.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 1.881 m.kr. sem er 61 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað.

Fjármagnskostnaður er 1.189 m.kr. sem er 230 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar, herra vaxtastigi og áhrifum því tengdu.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins, með fjármagnsliðum, er því jákvæð um 664 m.kr. sem er 290 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,

Anna María Axelsdóttir

Fylgiskjal:

1. Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.